

REGLUGERÐ

um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB)
2021/520 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins
(ESB) 2016/429 að því er varðar rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 231/2021, frá 24. september 2021, öðlast eftirtalin eftirtaldar ESB-gerð gerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/520 frá 24. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar rekjanleika tiltekinna landdýra. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 231/2021, frá 24. september 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 71, frá 11. nóvember 2021, bls. 86.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1064 frá 28. júní 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/520 að því er varðar samsetningu auðkenniskóða fyrir dýr vegna rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi, fyrir Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 32.

2. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og lögum nr. 38/2013, um búfjárhald, öll með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995, um matvæli og lögum nr. 38/2013, um búfjárhald.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

- Matvælaráðuneytinu, 21. desember 2022. -

- Svandís Svavarsdóttir. -

- Iðunn María Guðjónsdóttir. -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.